

BORGARRÁÐ 11. nóvember 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að farið verði í útboð vegna raforkukaupa og LED-ljósavæðingu - R21110097

Borgarráð samþykkir að farið verði í útboð vegna raforkukaupa og LED ljósavæðingu borgarinnar. Um er að ræða innkaup sem nema hundruðum milljóna á ári, en nýlega hafa gengið úrskurðir um ólögmæti núverandi fyrirkomulags þar sem ljóst er að bjóða þarf út kaup á öllum þessum þáttum án tafar.

Greinargerð:

Raforkukaup

Áfrýjunarnefnd útboðsmála komst að þeirri niðurstöðu í maí 2021 að Reykjavíkurborg beri að bjóða út raforkukaup sín, enda er um að ræða gríðarháar fjárhæðir. Fulltrúar í innkauparáði höfðu ítrekað bent á að bjóða ætti út raforkukaup borgarinnar allt frá árinu 2018. Nú hefur verið staðfest að bjóða beri út þessi viðskipti sem hafa verið gerð við einn aðila Orku Náttúrunnar ohf. án útboðs, án samnings og án afsláttar. Mikill munur er á verði á rafmagni eða allt að 25% munur á kWh. Það er því til mikils að vinna fyrir borgina að bjóða út rafmagnskaup, en auk þess er nú skýrt að slíkt er lagaskylda.

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 1. júní síðastliðinn að fela borgarlögmanni að greina og leggja til viðbrögð við úrskurði vegna þessa máls. Þeirri greiningu er lokið og því ekki eftir neinu að bíða með að bjóða út raforkukaup borgarinnar í samræmi við innkaupastefnu borgarinnar.

LED lýsing gatna

Reykjavíkurborg braut gegn lagaskyldu sinni um útboð með samningum við Orku náttúrunnar ohf. vegna LED-væðingar gatna í borginni. Þetta kemur fram í nýlegum úrskurði kærufundar útboðsmála frá maí 2021 þar sem nefndin gerði borginni að bjóða verkið út. Samtök Iðnaðarins kærðu samninga borgarinnar við ON og komst úrskurðarnefndin að því að kaupin væu ólögmæt. Það er því einboðið að borgarráð taki af skarið og samþykki að bjóða þessi verkefni út hið fyrsta eins og við á í samræmi við innkaupastefnu borgarinnar.